

## **Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa**

Úrskurður uppkveðinn 7. október 2025 í máli nr. 25/2025

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

### **I**

#### **Aðild og kröfugerð**

Þann 3. mars 2025 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst endurgreiðslu á kaupverði farsíma sem keyptur var af varnaraðila.

### **II**

#### **Málsmeðferð hjá kærunefndinni**

Með bréfi, dags. 11. mars 2025, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var boð um aðild ítrekað með ábyrgðarbréfi sem var afhent varnaraðila þann 8. apríl 2025. Engin andsvör bárust frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru kvörtun, umboð, afrit af skriflegum samskiptum við Neytendasamtökin, staðfesting á greiðslu fyrir farsímamann, afrit af skriflegum samskiptum milli aðila og pöntunarstaðfesting.

Með bréfi, dags. 8. október 2025, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### **III**

#### **Málsatvik og ágreiningsefni**

Sóknaraðili keypti farsíma af gerðinni [...] hjá varnaraðila þann 10. apríl 2020 og greiddi fyrir hann 39.900 krónur. Í kvörtun sinni til nefndarinnar greinir sóknaraðili frá því að skömmu eftir kaupin hafi komið í ljós gallar í símanum, meðal annars hafi takkar farið að losna af. Sóknaraðili leitaði þá til varnaraðila, sem tók við símanum og sendi hann til viðgerðar. Sóknaraðili kveðst hvorki hafa fengið símann til baka né fengið svör frá varnaraðila við fyrirspurnum sínum um stöðu málsins. Í kjölfarið hafi hann orðið sér úti um nýjan farsíma og látið málið niður falla um tíma. Sóknaraðili leitar nú til kærunefndarinnar og krefst endurgreiðslu á kaupverði farsímans.

### **V**

#### **Niðurstaða**

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka fyrir nefndinni og verður því byggt á þeim gögnum og upplýsingum sem stafa frá sóknaraðila.

Sóknaraðili keypti farsíma af varnaraðila þann 10. apríl 2020 og greiddi 39.900 krónur fyrir. Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að nokkrum mánuðum eftir kaupin hafi hann farið með símann til varnaraðila þar sem meðal annars takkar hefðu losnað af tækinu. Varnaraðili hafi í framhaldinu sent símann í viðgerð. Sóknaraðili kveðst ekki hafa fengið símann afhentan að nýju eftir viðgerðina.

Undir rekstri málsins óskaði kærunefndin eftir gögnum og upplýsingum um hvenær sóknaraðili hefði farið með símann í viðgerð. Í svari sóknaraðila til nefndarinnar kom fram að símanum hefði verið skilað inn haustið 2020 en kvittun

vegna viðgerðarinnar hefði týnst. Engar upplýsingar, aðrar en dagsetning kaupa, eru skráðar á innri vef varnaraðila. Þá liggja ekki fyrir skrifleg samskipti milli aðila þar sem samskiptin áttu sér stað munnlega.

Kærunefndin bendir á að almennur fyrningarfrestur kröfuréttinda er fjögur ár, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Sóknaraðili gerir kröfu um endurgreiðslu á kaupverði farsíma vegna vanefnda varnaraðila. Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 150/2007 reiknast fyrningarfrestur krafna, sem stofnast vegna vanefnda, frá þeim degi þegar samningurinn er vanefndur. Samkvæmt 14. gr. laganna getur skuldari slitið fyrningu kröfu ef hann viðurkennir skuld sína við kröfuhafa, annaðhvort beinlínis eða með atferli sínu. Hefst þá nýr fyrningarfrestur frá þeim tíma. Sóknaraðili lagði fram kvörtun til kærunefndarinnar þann 3. mars 2025, tæpum fimm árum eftir að kaupin áttu sér stað. Var hugsanleg endurgreiðslukrafa sóknaraðila því fyrnd samkvæmt almennum reglum fyrningarlaga þegar sóknaraðili sendi kvörtun til kærunefndarinnar, hvort sem miðað er við upphaflegan kaupdag eða við það tímamark sem varnaraðili tók símann í viðgerð haustið 2020.

Með vísan til framangreinds verður að hafna kröfu sóknaraðila.

## VI Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Hildur Ýr Viðarsdóttir  
formaður

---

Hildur Leifsdóttir

---

Jón Rúnar Pálsson